

Fundargerð 22. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2016, fimmtudaginn 8. desember 2016 kl. 8:15 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Sigurður P. Sigmundsson, Birna Ólafsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Guðmundir Fylkisson, varamaður.

Elísabet Valgeirsdóttir og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir boðuðu forföll.

Að auki sátu fundinn Sigðurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Þrívíddarteikningar

Rætt um hvort leggja eigi í kostnað við gerð þrívíddarteikninga. Stjórnin er sammála um að kosta til slíkum teikningum sem nýtast munu vel við undirbúning hjúkrunarheimilisins og eru jafnframt gott kynningarefni.

2. Jarðvinna

Sigurður Haraldsson fór yfir jarðvinnuframkvæmdir, sjá fylgigögn. Verkefnastjórnin veitir sviðsstjóra Umhverfis- og framkvæmda heimild til að bjóða út framkvæmd vegna jarðvinnu.

3. Kynningarmál

Rætt um nauðsynlega kynningu framkvæmda fyrir íbúum og stefnt er að því að slíkur kynningarfundur fari fram á fljótlega á nýju ári. Undirbúningur verður í samvinnu við samskiptastjóra. Rætt um leikskóla sem er í nágrenni og væntanlegt ónæði þar. Málið verður rætt við sviðsstjóra fræðslu- og frístundaþjónustu um málið. Miðað er við kynningarfund þann 19. janúar kl. 17:30.

Fundi slitið kl. 9:00.